

Félagssamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

I. kafli – Almenn ákvæði

1. gr.

Nafn o.fl.

Samlagið er byggðasamlag og heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs. og varnarþing byggðasamlagsins er í Bláskógabyggð.

2. gr.

Aðildarsveitarfélög

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309, Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602- 4410 og Flóahreppur, kt. 600606-1310, reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að byggðasamlaginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og með undirritun viðauka við samning þennan.

3. gr.

Markmið samstarfsins

Markmið samstarfsins er að efla samstarf milli sveitarfélaganna á svæðinu á sviði skóla- og velferðarþjónustu, nýta tækifæri til að samþætta sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustuna með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna. Með þessu verði skapað teymi starfsfólks sem samstíga vinnur að því að efla og bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla- og velferðarþjónustu í anda laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

4. gr.

Málaflokkar

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna samkvæmt IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, reglugerðum settum á grundvelli ofangreindra laga og samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

Byggðasamlagið myndar umdæmi barnaverndarþjónustu skv. 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sveitarfélögin hafa í samþykktum um stjórn og fundarsköp framselt valdi til byggðasamlagsins

og starfsfólks þess. Nánar er fjallað um framsal og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein í viðauka 1 við samning þennan.

Byggðasamlagið myndar umdæmi svæðisbundins farsældarráðs skv. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda sveitarfélaganna og hefur ráðið samráð við fulltrúa notenda á svæðinu. Stjórn byggðasamlagsins skipar fulltrúa í ráðið.

5. gr.

Verkefni

Hlutverk byggðasamlagsins er að útfæra þjónustuna en umgjörð hennar og framkvæmd verkefna er nánar lýst í eftirfarandi skjölum:

- a) Erindisbréf stjórnar byggðasamlagsins
- b) Erindisbréf fag nefndar skóla- og velferðarþjónustu
- c) Starfslýsingar deildarstjóra þjónustunnar.

Félagsfundur byggðasamlagsins staðfestir erindisbréf stjórnar sem sent er sveitarstjórnnum til kynningar en stjórn byggðasamlagsins samþykkir erindisbréf fag nefndar skóla- og velferðarþjónustu og starfslýsingar deildarstjóra.

Meðal verkefna skóla- og velferðarþjónustunnar er:

- a) að veita, fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna félagslega ráðgjöf m.a. vegna atvinnuleysis, veikinda, húsnæðisleysis, fjárhagsvanda, fötlunar, öldrunar, málefna útlendinga, málefna barna og unglinga, fjölskylduvanda og áfengis- og vímuefnavanda,
- b) að veita barnaverndarþjónustu skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- c) að veita þjónustu við fólk með fötlun samkvæmt samkomulagi við Bergrisa bs.
- d) að tilnefna tengiliði og málstjóra í samræmi við ákvæði reglugerðar um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna nr. 1180/2022,
- e) að veita sérfræðiþjónustu og ráðgjöf skv. reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 444/2019, sem á stoð í 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21.–23. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008,
- f) að veita náms- og starfsráðgjöf skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008,
- g) að starfa í umboði stjórnar þar sem teknar eru ákvarðanir um þá aðstoð sem sótt er um/eða lögð til af starfsfólki skóla- og velferðarþjónustunnar.

II. kafli – Félagssfundir

6. gr.

Aðalfundur

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir 15. október ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Aukafundur skal boða með a.m.k. viku fyrirvara og er þá útbúin sérstök dagskrá sem skal send út með fundarboði. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en 10. júlí þar sem kosin er ný stjórn. Framkvæmdastjóri fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins skal boða til þess fundar í samráði við deildarstjóra velferðarþjónustu.

Aðalfundi skal boða með rafrænum hætti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefni tilgreint. Sömu reglur gilda um aukafundi og reglulega aðalfundi fyrir utan að boða skal til aukafundar með a.m.k. viku fyrirvara.

Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur, hafi löglega verið til hans boðað og aukinn meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna er mættur.

Á aðalfundi byggðasamlagsins skulu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélagi, sem kemur úr hópi aðal- eða varamanna í stjórn byggðasamlagsins.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi þarf samþykki allra atkvæðisbærra fulltrúa á fundinum.

Aðalfundir byggðasamlagsins skulu opnir til áheyrnar kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum og lykilstarfsfólki sveitarfélaganna og byggðasamlagsins og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að bjóða til aðalfundar aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

7. gr.

Dagskrá aðalfundar

Stjórn byggðasamlagsins semur dagskrá aðalfundar og skal hún send út með fundarboði ásamt ársreikningi svo og tillögum að breytingum á samningi þessum. Aðalfundur er löglegur sé hann löglega boðaður og lágmarksfjöldi fulltrúa er mættur til fundar skv. 6 grein samnings þessa. Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirtalin mál:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.
- Fjárhagsáætlun næsta árs.
- Umfjöllun um breytingar á samning byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
- Ráðning löggilts endurskoðanda.
- Önnur mál.

Tillögur um breytingar á samningi þessum skulu sendar formanni stjórnar í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélagunum tillöguna með sama fyrirvara.

Breytingar á samningi þessum þarfnast samþykkis allra atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.

III. kafli Stjórn, fagnefnd og starfsfólk

8. gr.

Stjórn byggðasamlagsins

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara þar sem einn fulltrúi kemur frá hverju sveitarfélagi. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Hver sveitarstjórn skal tilnefna fulltrúa í upphafi kjörtímabils og annan til vara. Kjörgengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru oddvitar, framkvæmdastjórnar í aðildarsveitarfélögum og staðgenglar þeirra. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

9. gr.

Starfshættir stjórnar

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er lögmaður þegar meirihluti stjórnarmanna er mættur til fundar. Formaður stjórnar sér um boðun funda og stýrir þeim. Fundarboð skulu vera rafræn og berast aðal- og varamönnum að jafnaði tveimur dögum fyrir fund.

Stjórn getur enga samninga undirritað, samþykkt eða ályktun gert nema fundur sé löglega boðaður og fundarmenn nái sameiginlegri niðurstöðu.

Stjórn veitir prókúruumboð fyrir byggðasamlagið.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins án þess að fyrir liggi staðfesting frá aðalfundi, aukafundi eða öllum sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, eftir atvikum og eðli máls.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélögin um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila enda samræmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Stjórn hefur umboð til að ákvarða um almenna starfsemi byggðasamlagsins og aðlögun hennar að breyttum aðstæðum, t.d. við lagabreytingar, enda rúmist þær innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Fundargerðir stjórnar byggðasamlagsins skulu sendar aðildarsveitarfélögum til kynningar innan 7 daga frá fundi. Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar byggðasamlagsins eftir því sem við getur átt.

Varðandi nánari útfærslu á starfsháttum stjórnar er vísað til erindisbréfs stjórnar sem samþykkt er á félagsfundi byggðasamlagsins sbr. 5. gr.

10. gr.

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu

Ein fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu skal vera á starfssvæði sveitarfélaganna. Nefndina skipa 5 fulltrúar og jafnmargir til vara, einn aðalmaður og einn varamaður frá hverju aðildarsveitarfélagi. Stjórn byggðasamlagsins skipar aðal- og varamenn í fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu í kjölfar sveitarstjórnarkosninga að fengnum tilnefningum sveitarfélaganna og skipar síðan formann og varaformann nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

Nefndin fer með stjórn og framkvæmd sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarmál í sveitarfélögum í samræmi við reglur sem sveitarstjórnir setja og erindisbréf nefndarinnar.

Nefndin fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nefnd fer auk þess með lögbundið hlutverk félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Nefndin skal, í upphafi hvers kjörtímabils, móta stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir aðildarsveitarfélögin á sviði barnaverndar skv. 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga. Framkvæmdaáætlunin skal send sveitarstjórnnum til staðfestingar og í framhaldinu send því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn málaflokksins, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofu.

Þóknun vegna fundarsetu í nefndinni skal ákveðin af stjórn byggðasamlagsins.

Varðandi nánari útfærslu á starfsháttum nefndarinnar er vísað til erindisbréfs hennar er stjórn samþykkir sbr. 5. gr.

Engin breyting verður á hlutverki starfandi skólanefnda sveitarfélaganna við gerð samnings þessa.

11. gr.

Reglur sem fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu setur um málefni byggðasamlagsins

Reglur sem fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu setur um framkvæmd skólaþjónustu, fjárhagsaðstoðar, barnaverndar, félagslegrar heimaþjónustu, málefni fatlaðs fólks, ferðaþjónustu, liðveislu og annarra þátta í starfseminni skulu samræmdar eftir föngum og sendar sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

12. gr.

Stjórnendur og annað starfsfólk

Stjórn ræður og veitir lausn frá störfum deildarstjóra skólaþjónustu og deildarstjóra velferðarþjónustu. Deildarstjórar skulu vera sérfræðingar í framkvæmd þjónustunnar. Deildarstjórar ráða annað starfsfólk sem undir verksvið þeirra heyrar og veita lausn frá störfum í samræmi við fjárhagsáætlun. Deildarstjórar tilkynna stjórn áður en ákvörðun um ráðningu eða uppsögn starfsfólks er tekin.

Varðandi nánari útfærslu á störfum deildarstjóra er vísað til starfslýsinga er stjórn samþykkir sbr. 5. gr.

III. kafli – Fjármál

13. gr.

Fjárhagsáætlun

Deildarstjórar leggja fyrir stjórn drög að fjárhagsáætlun. Stjórn afgreiðir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið og leggur fyrir aðalfund til staðfestingar, í síðasta lagi 15. október ár hvert. Í framhaldinu ber stjórn að senda fjárhagsáætlun til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar í hverri sveitarstjórn. Stjórn fylgist með að rekstur byggðasamlagsins sé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema öll sveitarfélög hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

14. gr.

Árshlutaskýrslur

Fyrir 15. ágúst ár hvert skulu deildarstjórar taka saman gögn um þróun rekstrar og þjónustu og leggja fyrir stjórn til kynningar. Árshlutaskýrslan skal í framhaldinu send aðildarsveitarfélögum til upplýsinga.

15. gr.

Ársreikningur

Stjórn staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins. sbr. 7. grein samnings þessara. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds og reikningsskilavenjur. skv. 59. grein laga nr. 138/2011.

Sendu skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til allra aðildarsveitarfélaganna fyrir 1. apríl ár hvert.

16. gr.

Fjárhagslegt uppgjör

Stjórn byggðasamlagsins skal semja við aðildarsveitarfélag eða utanaðkomandi þjónustuaðila um bókhald, launagreiðslur og fjárhagsleg málefni. Sveitarfélögin greiða áætlaðar mánaðarlegar greiðslur til umsjónarsveitarfélags til að mæta þeim kostnaði. Kostnaður hvers sveitarfélags vegna almanaksársins verður gerður upp fyrir lok febrúar ár hvert.

Byggðasamlaginu er heimilt að kaupa þjónustu af aðildarsveitarfélögum og senda þá aðildarsveitarfélög reikning á byggðasamlagið.

17. gr.

Kostnaðarskipting

Öllum kostnaði vegna sameiginlegra starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu og yfirstjórnar skal jafnað niður á sveitarfélögin á eftirfarandi hátt:

Kostnaður vegna velferðarþjónustu:

Kostnaður vegna reksturs velferðarþjónustunnar, þ.e. launakostnaður starfsmanna, verktakakostnaður og almennur rekstrarkostnaður greiðist af aðildarsveitarfélögum í hlutfalli við íbúatölu 1. janúar næstliðins árs.

Kostnaðar vegna útlagðs kostnaðar og annarra úrræða til skjólstæðinga félagsþjónustunnar greiðist af lögheimilissveitarfélagi. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðarmót yfirlit yfir greiðslur er sveitarfélagið ber að greiða um mánaðarmótin.

Kostnaður vegna sértækra félagsþjónustu- og barnaverndarmála greiðist af lögheimilissveitarfélagi þess skjólstæðings sem um ræðir. Stjórn í samráði við deildarstjóra velferðarþjónustu skal útbúa samantekt um helstu úrræði er falla undir sértæka félagsþjónustu og barnaverndarmál. Sé fyrirsjáanlegt að slík mál leiði af sér umtalsverð fjárútlát ber deildarstjóra að halda sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags upplýstum. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélagi tímanlega fyrir mánaðarmót yfirlit yfir greiðslur og reikninga er sveitarfélagið ber að greiða um mánaðarmótin.

Kostnaður vegna skólaþjónustu:

Kostnaður vegna reksturs skólaþjónustu, þ.e. launakostnaður starfsmanna, verktakakostnaður og almennur rekstrarkostnaður greiðist í hlutfalli við nemendafjölda í skólum viðkomandi aðildarsveitarfélags miðað við 1. janúar næstliðins árs.

Kostnaður vegna sértækra úrræða í skólaþjónustu sem eru á ábyrgð sveitarfélags, skv. samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. í maí 2014, s.s. við talþjálfun barna, greiðist af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi barns. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðarmót yfirlit yfir greiðslur er sveitarfélagið ber að greiða um mánaðarmótin.

IV. kafli – Úrganga og slit

18. gr.

Úrganga og slit

Um úrgöngu úr byggðasamlaginu og um slit þess gilda reglur 95. gr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ef ágreiningur rís um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlaginu er hægt að vísa málinu til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Samningur þessi öðlast gildi við staðfestingu félagsmálaráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis og allra aðildarsveitarfélaganna og fellur þá úr gildi samstarfssamningur um skóla- og velferðarþjónustu frá 25. júní 2015.

Samningur þessi eru gerður í fimm samhljóða eintökum, eitt fyrir hvern samningsaðila.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar ársreikningur ársins 2023 liggur fyrir skal stjórn endurskoða 17. gr. um kostnaðarskiptingu með áherslu á að skoða kostnað vegna málefna fatlaðs fólks og hvort taka þurfi betur tillit til þess kostnaðar við kostnaðarskiptingu milli aðildarsveitarfélaga. Leiði sú endurskoðun til þess að gera þarf breytingar á 17. gr. skal tillaga lögð fyrir aðalfund ársins 2024.

Bláskógabyggð

Flóahreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Viðauki 1

um framsal og endurupptöku mála

1. gr.

Almenn skilyrði valdframsals

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð hafa sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna framselt valdi til töku ákvarðana í skóla- og velferðarþjónustu til byggðasamlagsins og starfsmanna þess. Í þessum viðauka er valdframsal til tiltekinna starfsmanna byggðasamlagsins nánar útfært.

Ákvarðanir sem starfsmenn taka á grundvelli þessarar greinar mega ekki varða verulega fjárhag byggðasamlagsins.

Starfsmaður getur ávallt óskað eftir því að fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu taki ákvörðun í máli samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Verkefni

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð afgreiðir deildarstjóri velferðarþjónustu, án staðfestingar stjórnar, eftirfarandi verkefni enda varða þau ekki verulega fjárhag byggðasamlagsins og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því. Deildarstjóri velferðarþjónustu tilnefnir staðgengil sinn sem hefur þá sömu heimildir í fjarveru deildarstjóra.

- a) Umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um fjárhagsaðstoð.
- b) Umsóknir um leiguhúsnæði skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.
- c) Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- d) Umsóknir um heimaþjónustu skv. reglum um heimaþjónustu.
- e) Umsóknir búsetu fyrir fatlað fólk.
- f) Umsóknir um stoðþjónustu skv. 8. og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- g) Fer með endanlegt ákvörðunarvald í öllum málum fyrir hönd barnaverndarþjónustunnar skv. 3 mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Endurupptaka

Eftir að starfsmaður eða stjórn hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í viðauka þessum og að öðru leyti gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

4. gr.

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015, og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.